

KALDALÓN

FUNDARBOÐ

Stjórn Kaldalóns hf., kt. 490617-1320, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík boðar til aðalfundar í félaginu miðvikudaginn 3. apríl 2024, kl. 16:00. Fundurinn verður haldinn á Grand hótél, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi liðir:

- 1) Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár
- 2) Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár
- 3) Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári
- 4) Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
- 5) Kjör endurskoðanda félagsins
- 6) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda
- 7) Samþykkt starfskjarastefnu félagsins
- 8) Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
- 9) Samþykkt starfsreglna tilnefningarnefndar
- 10) Atkvæðagreiðsla um fyrirleggjandi tillögu um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd
- 11) Önnur mál löglega fram boðin

Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthöfum gefst kostur á að senda umboðsmann á fundinn sem greiðir atkvæði fyrir þeirra hönd. Umboðsmaður skal leggja fram dagsett og skriflegt umboð við upphaf fundar. Umboð er að finna á vefsíðu félagsins kaldalon.is/adalfundur2024.

Fresti til að tilkynna um framboð til stjórnar á netfangið kaldalon@kaldalon.is lýkur fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, nánar tiltekið kl. 16:00 föstudaginn 29. mars 2023. Notast skal við framboðseyðublað sem finna má á vefsíðu félagsins. Vísað er til fyrri auglýsinga tilnefningarnefndar eftir framboðum en óskað var eftir tillögum að stjórnarmönnum fyrir kl. 16:00 þann 13. febrúar 2024. Starfsemi tilnefningarnefndar takmarkar ekki heimild frambjóðenda að skila inn framboðum. Tilnefningarnefnd mun ekki geta lagt mat á frambjóðendur sem tilkynna framboð eftir 20. mars 2023.

Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar á skrifstofu og vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund. Meðfylgjandi fundarboði er birt skýrsla tilnefningarnefndar félagsins.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum. Til þess að tillögur frá hluthafa verði teknar til umræðu á fundinum verður að skila þeim til stjórnar félagsins með nægilegum fyrirvara svo unnt verði að taka málið á dagskrá, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 mánudaginn 25. mars 2023. Tillögum skal skila á netfangið kaldalon@kaldalon.is.

Gögn vegna aðalfundar, þ.m.t. ársskýrsla félagsins, verða gerð aðgengileg eigi síðar en miðvikudaginn 13. mars nk. á vefsíðu félagsins kaldalon.is/adalfundur2024.

Reykjavík, 7. mars 2024

F.h. stjórnar Kaldalóns hf.

Ásgeir Helgi Reykþjörð Gylfason
stjórnarformaður